



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2025

USK24030270

TILLAGA

um úthlutun styrkja úr Loftslagssjóði ungs fólks í Reykjavík

Trúnaðargögn þar til úthlutun er lokið

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð með staðfestingu borgarráðs úthluti 5.520.000 kr úr Loftslagssjóði ungs fólks í Reykjavík í samræmi við samþykktar úthlutunarreglur til átta verkefna, samkvæmt meðfylgjandi vafefndaráli.

Greinargerð með tillögu:

Alls bárust níu umsóknir í Loftslagssjóð ungs fólks í Reykjavík. Til ráðstöfunar voru 12.000.000 kr af styrk Bloomberg philanthropies. Að mati valnefndar uppfylltu átta umsóknir þær kröfur sem gerðar voru skv. úthlutunarreglum og auglýsingu.

Lagt er til að þau átta verkefni sem uppfylla skilyrði til úthlutunar verði styrkt að þessu sinni. Í framhaldi af úthlutuninni verður kannað með Bloomberg philanthropies hvernig verja megi því sem eftir stendur í sjóðnum.

F. h. sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs

Benedikt Traustason
Skrifstofa umhverfisgæða

Hjálagt: Valnefndarálit fyrir úthlutun úr loftslagssjóði ungs fólks



Reykjavík



Valnefndarálit fyrir úthlutun úr loftslagssjóði ungs fólks

Nefnd: Valnefnd fyrir umsóknir í Loftslagssjóð ungs fólks

Hana skipa: Hrönn Hrafnadóttir deildarstjóri loftslagsmála, Kamma Thordarson sérfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og Þorvaldur Guðjónsson skólastjóri Vinnuskólans. Benedikt Traustason starfaði sem ritari og starfsmaður nefndarinnar. Nefndin hittist 2. apríl 2025 og fór yfir þær umsóknir sem höfðu borist.

Alls bárust níu umsóknir að þessu sinni og uppfylltu átta þær kröfur sem gerðar eru til umsókna í sjóðinn.

Að loknum umsóknarfresti voru nöfn umsækjenda falin og að svo búnu hittist valnefnd, fór yfir umsóknirnar og gaf þeim sameiginlega einkunn skv. fyrirfram ákvörðuðum einkunnarkvarða. Eftirfarandi þættir voru metnir skv. auglýsingu.

- Verkefnið er hannað af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára
- Verkefnið verður framkvæmt af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára
- Fjárhagsáætlun er innan styrkveitingarramma
- Fjárhagsáætlun er í samræmi við styrkhæfan kostnað
- Verkefni verður lokið fyrir 31. desember 2024
- Verkefnið verður framkvæmt í Reykjavík
- Verkefnið byggir á sterkri hugmynd og hefur skýr markmið
- Verkefnið er líklegt til að draga úr losun eða stuðla að aðlögun að loftslagsbreytingum
- Verkefnið tengist loftslagsstefnu Reykjavíkur og stærstu áskorunum hennar í loftslagsmálum
- Verkefnið fer nýjar eða skapandi leiðir til að ná markmiðum þess
- Verkefnið hefur skýra verk- og tímaáætlun
- Verkefnið er líklegt til að valdefla og virkja ungt fólk á aldrinum 15-24 ára
- Er fjárhagsáætlun skýr og sótt er um styrk fyrir styrkhæfum kostnaði?

1. Be a Good Tourist

- Verkefnið snýr að fræðslu til erlendra gesta í Reykjavík um hvernig megi gera ferðalög sjálfbærari og í sátt við umhverfi sitt. Gerð verða myndbönd sem munu m.a. fjalla um neysluhætti, ferðahegðun og öryggi erlendra gesta. Markmiðið er að vekja athygli erlendra gesta á sjálfbærari ferðvenjum og umgengni t.a.m. á friðlýstum svæðum. Þá er stefnt að því að safna undirskriftum frá erlendum gestum þar sem þeir heita því að ferðast á vistvænan hátt.
- Svipuð verkefni hafa áður verið unnin af Íslandsstofu undir merkjum [Icelandic Pledge](#). Valnefnd leggur til við umsækjendur að þeir vinni verkefnið í samstarfi við Íslandsstofu ef það er flötur á slíku samstarfi og reyna að samnýta það sem hefur verið gert eins og gagn er af.
- Valnefnd leggur til að verkefnið hljóti hámarksstyrk og geti þá lagt meira í markaðssetningu en var upprunalega stefnt að.
- Heildarstigafjöldi: 78



Reykjavík



- Niðurstaða: Lagt til að verkefnið verði styrkt um allt að 690.000 kr gegn því að umsækjandi skili uppfærðri fjárhagsáætlun.

2. RVK Foraging ~ Fræðsla og tínsla unga fólksins á villtum jurtum úr náttúru Reykjavíkur

- Sótt er um styrk fyrir verkefni sem miðar að því að auka fræðslu og vitund ungs fólks á þeim jurtum sem nýta má í náttúru Reykjavíkur. Markmiðið er að að kenna fólki að þekkja og nýta villtar jurtir, styrkja tengsl ungs fólks við náttúru Reykjavíkur og hvetja til sjálfbærari neyslu.
- Í verkefninu verður bæði fræðsla um það sem hægt er að nýta í náttúrunni og vinnustofa þar sem þátttakendur læra að notfæra sér þá þekkingu.
- Að mati valnefndar er verkefnið frumlegt. Þó svo að verkefnið dragi ekki úr beinni losun gæti það haft óbein áhrif. Þá hefur verkefnið sterk tengsl við hringrásarhagkerfið. Að mati valnefndar hefur verkefnið burði til þess að stækka síðar meir t.a.m. í formi skólaheimsóknar.
- Heildarstigafjöldi: 92
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 690.000 kr.

3. Draumur um jökul

- Verkefnið er fræðslu- og miðlunarverkefni um jökla á Íslandi þar sem kynna á jökla fyrir ungu fólki og þær breytingar sem verða á þeim með hlýnandi loftslagi. Hópur nemenda úr tveimur framhaldsskólum í Reykjavík munu fara í vettvangsferð á jökul og í kjölfarið framleiða stutt myndband sem verður nýtt í fræðslu um jökla, mikilvægi þeirra og hvetja fólk til þess að neyta minna og fara frekar í jöklaferðir.
- Í kjölfarið af gerð myndbandsins er markmiðið að heimsækja grunnskóla í Reykjavík, fræða nemendur um jökla, loftslagsbreytingar og nýta m.a. það miðlunarefni sem verður til í myndbandinu en árið 2025 er alþjóðaár jökla.
- Að mati valnefndar er verkefnið metnaðarfullt, eykur samstarf ungs fólk í loftslagsmálum, er hvetjandi og veitir innblástur.
- Endurskoða þarf tímaáætlun verkefnisins með tilliti til þess að lokafrestur til að ljúka verkefnum er 31. október 2024.
- Heildarstigafjöldi: 82
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 690.000 kr.

4. Stuttmyndahátíð

- Sótt er um styrk fyrir stuttmyndakeppni á milli þriggja félagsmiðstöðva í Reykjavík. Þema stuttmyndanna yrði loftslagsmál með áherslu á þær áherslur sem eru í loftslagsáætlun Reykjavíkur t.a.m. gönguvæna borg og heilsueflandi ferðamáta. Í félagsmiðstöðvunum þremur eru 480 unglingar.
- Valnefnd telur að verkefnið sé skemmtilegt og í góðu samræmi við gildandi loftslagsáætlun.
- Þar sem margir unglingar munu koma að verkefninu er lagt til að verkefnið verði styrkt um allt að 690.000 kr með því skilyrði að uppfærðri fjárhagsáætlun verði skilað.
- Heildarstigafjöldi: 88
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um allt að 690.000 kr.





5. Saumað gegn sóun

- Verkefnið er þróunarverkefni innan framhaldsskóla í Reykjavík þar sem auka á fræðslu til nemenda um fatasóun, skynditísku og aðgerðir gegn vandamálum þeim tengdum. Fræðslu verður dreift á miðlum skólans, sett verður upp fríbúð og fataskiptimarkaður, plaköt og fataviðgerðasmiðjur. Verkefnið verður leitt af umhverfisstjórn skólans sem samanstendur af átta nemendum sem munu leiða verkefnið og sinna jafningjafræðslu.
- Textílsóun er vandamál um alla Evrópu og fjölbreyttar lausnir þarf gegn því vandamáli. Að mati valnefndar fer verkefnið skemmtilega leið að markmiðum sínum. Verkefnið hefur sterk tengsl við markmið um innleiðingu hringrásarhagkerfis og loftslagsstefnu Reykjavíkur.
- Heildarstigafjöldi: 86
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um allt að 690.000 kr með því skilyrði að uppfærðri fjárhagsáætlun verði skilað.

6. Kolefnisbinding samhliða þararæktun

- Verkefnið snýr að því að rannsaka möguleika á þararæktun á Íslandi með kolefnisbindingu og gæði afurða í huga. Verkefninu er ætlað að kanna bestu staðsetningar og aðferðir við þararæktun. Gerðar verða tilraunir með þararækt, lykilbreytur í sjó mældar og sýni tekin til greiningar með reglulegu millibili.
- Í upphaflegri umsókn sótti sprotafyrirtæki um styrkinn en hefur núna verið tengt við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík.
- Valnefnd leggur áherslu á að fundnar verði leiðir til þess að fleiri nemendur geti komið að verkefninu að fengið kynningu á niðurstöðum þess.
- Heildarstigafjöldi: 92
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 690.000 kr.

7. Tré og tjútt

- Ungmennaráð skátasambands mun standa fyrir skemmtilegum viðburði um trjárækt í Esjuhlíðum í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Á viðburðinum verða þátttakendur fræddir um náttúruna, þeir munu gróðursetja tré og gista við Esjurætur. Gert er ráð fyrir allt að 40 þátttakendum og 10 sjálfboðaliðum sem munu annast skipulagningu viðburðarins.
- Að mati valnefndar er verkefnið líklegt til að auka áhuga ungs fólks á aðferðum til kolefnisbindingar og trjáræktar. Verkefnið er skemmtilegt og fellur vel að loftslagsáætlun borgarinnar.
- Valnefnd minnir á að ekki er heimilt að greiða út beina styrki til sjálfboðaliða.
- Heildarstigafjöldi: 86
- Niðurstaða: Lagt til að verkefnið verði styrkt um 690.000 kr.

8. ÁLVER KÁLVER - Fræðsla og hikkaþon unga fólksins um orkulausnir

- Verkefnið snýst um að halda hikkaþon eða skapandi smíðju fyrir ungt fólk um orkulausnir og hvernig megi nýta raforku betur eða á annan hátt en gert er í dag. Á hikkaþoninu verði auk þess leitað hugmynda um hvernig samnýta megi orku eða úrgang sem fellur til við framleiðslu úr stóriðju á sjálfbærari hátt.





- Valnefnd bendir á að uppfæra þarf tímaáætlun þannig að hún uppfylli kröfur sjóðsins.
- Heildarstigafjöldi: 74
- Niðurstaða: Lagt til að verkefnið verði styrkt um 690.000 kr.

9. Aðgerðir núna

- Sótt er um styrk til þess að hrinda í framkvæmd verkefnum sem verða mótuð á vinnustofu sem halda á með ungu fólki í september. Að mati valnefndar er á þessum tímapunkti ekki skýrt fyrir hvaða verkefni sótt er um styrk fyrir þar sem hefur vinnustofan hefur ekki verið haldin. Valnefnd leggur því til að verkefnið verði ekki styrkt að þessu sinni en beinir því til umsækjanda að sækja um í sjóðinn að nýju þegar vinnustofunni hefur verið lokið og verkefnin hafa verið mótuð.
- Niðurstaða: Lagt til að verkefnið verði ekki styrkt að þessu sinni.

Að lokinni yfirferð umsókna var tekin saman tafla með nöfnum umsækjanda, heiti verkefnis og áætlaðri styrkuppþæð. Hún er birt hér að neðan. Lagt er til að allt að 5.520.000 kr verði úthlutað að áðurnefndra átta verkefna.





Yfirlit yfir umsóknir – Tillaga valnefndar að styrktum verkefnum

Númer	Samtök	Heiti verkefnis	Styrkuppphæð*
USK25030076	Ungir umhverfissinnar	Be a Good Tourist	690.000 kr
USK25030092	Ungir umhverfissinnar	RVK Foraging ~ Fræðsla og tínsla unga fólksins á villtum jurtum úr náttúru Reykjavíkur	690.000 kr
USK25030110	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	Draumur um jökul	690.000 kr
USK25030120	Gleðibankinn - félagsmiðstöð	Stuttmyndahátíð Gleðibankans	690.000 kr
USK25030121	Nemendafélag Fjölbautaskólans við Ármúla	Saumað gegn sóun	690.000 kr
USK25030122	Nemendur í verkfræðideild Háskólans í Reykjavík	Kolefnisbinding samhliða þara ræktun	690.000 kr
USK25030414	Bandalag íslenskra skáta	Tré og tjútt	690.000 kr
USK25030422	Ungir umhverfissinnar	ÁLVER KÁLVER - Fræðsla og hakaþon unga fólksins um orkulausnir	690.000 kr
USK25030434	Landssamtök íslenskra stúdenta	Aðgerðir núna	0
Samtals			5.552.000 kr



Matsblað - Loftslagssjóður ungs fólks

Grunnskilyrði - Þessi atriði þurfa að vera uppfyllt til að hljóta styrk

Verkefnið er hannað af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára

Verkefnið verður framkvæmt af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára

Fjárhagsáætlun er í samræmi við styrkhæfan kostnað

Verkefni verður lokið fyrir 31. október 2025

Verkefnið verður framkvæmt í Reykjavík

Verkefni er styrkhæft: Já/Nei

Heildarupphæð umsókna

Samþykktar umsóknir

Eftir í sjóðnum

Mat á verkefni - gefin er einkunn á skalanum 0-5

Verkefnið byggir á sterkri hugmynd og hefur skýr markmið

Verkefnið er líklegt til að draga úr losun eða stuðla að aðlögun að loftslagsbreytingum

Verkefnið tengist loftslagsstefnu Reykjavíkur og stærstu áskorunum hennar í loftslagsmálum

Verkefnið fer nýjar eða skapandi leiðir til að ná markmiðum þess

Verkefnið hefur skýra verk- og tímaáætlun

Verkefnið er líklegt til að valdefla og virkja ungt fólk á aldrinum 15-24 ára

Er fjárhagsáætlun skýr og sótt er um styrk fyrir styrkhæfum kostnaði

Heildareinkunn

Skali	
0	Atriði er ekki uppfyllt á nokkru leyti
1	Atriði eða áhersla er uppfyllt að litlu leyti. Rökstuðningur er ekki sannf
2	Atriði eða áhersla er uppfyllt að einhverju leyti. Talsvert vantar upp á ;
3	Atriði eða áhersla er uppfyllt að nokkru leyti
4	Atriði eða áhersla er uppfyllt að flestu leyti. Lítið stendur útaf til að up
5	Atriði eða áhersla er uppfyllt að öllu leyti og umsóknartexti uppfyllir a

	Be a Good Tourist USK25030076 X X X X X	RVK Foraging ~ Fræðsla og tínsla unga fólksins á villtum jurtum úr náttúru Reykjavíkur USK25030092 X X X X X	Draumur USK25 Uppfæra tír
5375000	440000	690000	
5520000	690000	690000	
6480000			

		Umsókn 1		Umsókn 2		Ums
Vægi %		Einkunn	Stig	Einkunn	Stig	Einkunn
20%		3	12,0	5	20,0	5
20%		4	16,0	3	12,0	3
20%		5	20,0	5	20,0	4
10%		3	6,0	5	10,0	5
10%		5	10,0	5	10,0	3
10%		3	6,0	5	10,0	4
10%		4	8,0	5	10,0	5
100%			78		92	

ðærandi
 að umsókn uppfylli kröfur

 þfylla kröfur að öllu leyti
 llar kröfur

um jökul 030110 x x x naáætlun x	Stuttmyndahátíð Gleðibankans USK25030120 x x x x x	Saumað gegn sóun USK25030121 x x x Uppfæra tímaáætlun x	Kolefnis samhlið ræk USK250
690000 690000	385000 690000	600000 690000	

ókn 3 Stig 20,0 12,0 16,0 10,0 6,0 8,0 10,0 82	Umsókn 4 Einkunn Stig 4 16,0 4 16,0 5 20,0 4 8,0 5 10,0 5 10,0 4 8,0 88	Umsókn 5 Einkunn Stig 5 20,0 4 16,0 5 20,0 3 6,0 3 6,0 4 8,0 5 10,0 86	Umsókn 6 Einkunn 5 5 5 4 5 2 5
---	--	---	--

ir núna
J30434

500000

0

[illegible]

0,0

0,0

0,0

0,0

0,0

0,0

0,0

100

0